

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II. HLUTI

Þjóðhagfræði

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Þjóðhagfræði

Prófdagur: 27. janúar 2016..... Kl.: 16:00 – 20:00.....

Úrlausnartími: 4 klst. Prófblið: 5 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Engin. Fylgiblið: Engin.....

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Prófið er tekið á fartölvu próftaka og skal skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Gætið þess að merkja ása á myndum sem þið teiknið og merkið ferla með skýrum hætti. Vandíð frágang og ritið svör ykkar greinilega. Gangi ykkur vel.

I. **Stuttar spurningar.** Vægi hverrar spurningar er 6%.

1. Takið rökstudda afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga. Almennt gildir að verðbólga

- (1) rýrir verðgildi peninga
- (2) hefur ekki áhrif á kaupmátt peninga
- (3) dregur úr kaupmætti peninga
- (4) bæði 1 og 3 eiga við
- (5) ekkert svaranna á við.

2. Takið rökstudda afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga. Um áhrif af ákvörðun um aukin ríkisútgjöld til að örva þjóðarbúskapinn má á grundvelli hagfræðilegrar þekkingar segja að

- (1) þau eru þeim mun meiri sem jaðarneysluhneigðin (e. marginal propensity to consume) er lægra hlutfall og ruðningsáhrifin (e. crowding-out effect) sterkari
- (2) þau eru þeim mun meiri sem jaðarneysluhneigðin er lægra hlutfall og ruðningsáhrifin veikari.
- (3) þau eru þeim mun meiri sem jaðarneysluhneigðin er hærra hlutfall og ruðningsáhrifin sterkari.
- (4) þau eru þeim mun meiri sem jaðarneysluhneigðin er hærra hlutfall og ruðningsáhrifin veikari.
- (5) Engin ofangreindra fullyrðinga á við.

3. Ein fullyrðanganna er rétt. Rökstyðid svar ykkar. Tilkynni stjórnvöld um skattalækkun má helst búast við eftirfarandi áhrifum í brád (e. in the short run):

- (1) samdrætti í framleiðslu, aukningu á eftirspurn eftir peningum og hækkun vaxta.
- (2) aukningu á framleiðslu, samdrætti í eftirspurn eftir peningum og lækkun vaxta.
- (3) samdrætti í framleiðslu, samdrætti í eftirspurn eftir peningum og lækkun vaxta.
- (4) aukningu á framleiðslu, aukningu í eftirspurn eftir peningum og hækkun vaxta.
- (5) Ekkert af þessu er líklegt í brád.

4. Ein fullyrðinganna er rétt. Rökstyðid svar ykkar. Gengi krónunnar þegar styrkst ef:

- (1) Erlendir fjárfestar flykkjast frá landinu og leitast við að kaupa gjaldeyri fyrir krónueignir sínar.
- (2) Innfluttur varningur kostar minna hér á landi en áður þrátt fyrir að verðlag erlendis hafi haldist stöðugt.
- (3) Eitt sinn fékkst einn bandaríkjadalur fyrir 100 krónur en nú verður að borga 130 krónur fyrir dalinn.
- (4) Allt ofangreint á við.

5. Sparnaður er það sem eftir stendur af tekjum þegar búið er að borga neysluna og skattana. Í þjóðhagslegu samhengi má skrifa $S = Y - C - T$ þar sem Y er verg landsframleiðsla, VLF, (e. GDP) og C er einkaneysla, (e. private consumption). Af grundvallarjöfnu þjóðhagsreikninganna má leiða út eftirfarandi samhengi:

$$(S - I) + (T - G) = NX$$

Hér er I fjárfesting (e. investment), G eru opinber útgjöld (e. public expenditure), T eru skattar til hins opinbera (e. taxes), S er sparnaður (e. savings), NX er hreinn útflutningur (e. net exports).

Takið rökstudda afstöðu til hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt:

- (1) Ef afgangur er á viðskiptum við útlönd hlýtur að vera afgangur í rekstri hins opinbera.
 - (2) Samkvæmt samhenginu verður halli á viðskiptum við útlönd ef skattar og innlendir sparnaður standa ekki undir opinberum útgjöldum og innlendi fjárfestingu.
 - (3) Stærðin T-G sýnir millifærslur um farveg almannatrygginga.
 - (4) Samhengið er ekki hægt að leiða út frá skilgreiningu á VLF byggðri á ráðstöfunaruppjöri (e. expenditure approach to national accounts).
 - (5) Ef sparnaður stendur ekki undir fjárfestingu og opinberi geirinn er rekinn með halla verður afgangur á viðskiptum við útlönd.
6. Vörucarfa kostar \$100 í Bandaríkjunum og £80 í Bretlandi. Hvert ætti gengið að vera á milli gjaldmiðlana samkvæmt kenningunni um kaupmáttarjafnvægi (e. purchasing power parity, PPP) að gengið ákvarðist í samræmi við kenninguna um eitt verð? Látið þess sérstaklega getið ef þið teljið ekki unnt að reikna gengið án upplýsinga um vaxtastig í löndunum tveimur.
- a) 5 dollarar/pund
 - b) 4 dollarar/pund
 - c) 1,25 dollarar/pund
 - d) 0,8 dollarar/pund
7. Ræðið stuttlega hvaða skilgreining á best við um fjármuni (e. capital) í skilningi hagfræðinnar:
- a) þeir peningar sem fyrirtæki notar til að kaupa aðföng (e. inputs).
 - b) þeir peningar sem fyrirtæki fær sem andvirði hlutabréfa í eigu fyrirtækisins og seld eru í kauphöll.
 - c) hlutir sem hafa þegar verið framleiddir og eru notaðir til að framleiða aðrar vörur og þjónustu.
 - d) það ferli að breyta aðföngum í nothæft form.
 - e) engin ofangreindra skilgreininga er rétt.


8. Takið rökstudda afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga. Ef vextir í Kanada hækka umfram vexti í öðrum löndum þá

- mun eftirspurn eftir Kanadadal minnka.
- mun útflutningur frá Kanada aukast.
- mun innflutningur til Kanada minnka.
- mun gengi Kanadadals veikjast sem getur leitt til hagstæðari viðskiptajöfnuðar.
- munu kanadískir fjármagnseigendur í auknum mæli leita út fyrir landsteinana með fjárfestingar.
- Allt af þessu mun gerast.
- Ekki er líklegt að neitt af þessu gerist.

9. Notið neðangreindar upplýsingar til að reikna raungildi launa ársins 2015 miðað við verðlag árið 2014.

Ár	Nafnlaun (tímakaup)	Vísitala neysluverðs
2014	1250	154
2015	1320	162

10. Kenningu sína um eftirspurn eftir peningum kallar Keynes forgangsröðun gagnvart lausu fé (e. theory of liquidity preference). Á myndinni að neðan getur að líta fjórar myndir af peningamarkaðnum merktar (a) – (d) eins og Keynes lýsti honum í kenningu sinni. MS táknar peningaframboð og MD táknar eftirspurn eftir peningum. Hvert þessara línurita lýsir áhrifum þess á peningamarkað að seðlabankinn kaupi ríkisskuldabréf í hóflegum mæli á opnum markaði? Rökstyðjið svarið.



11. Árið 2014 er verg landsframleiðsla í landi nokkru 1230 og 1315 árið 2015. Verðvísitala vergrar landsframleiðslu fór úr því að vera 123 árið 2014 í 128 árið 2015. Á milli þessara ára jókst mannfjöldi í landinu um 1,6%. Reiknið á grundvelli þessara upplýsinga hagvöxt á mann á milli ára í þessu landi.

II. Ritgerðarspurningar Gilda samtals 34%.

12. Í klassískri hagfræði er lögð til grundvallar peningamagnsjafnan $MV = PY$. Hér tákna M peningamagn, V veltuhraða peninga, P verðlag og Y landsframleiðslu. Skýrið af hverju þessi jafna er alltaf sönn og greinið frá meginályktunum sem af henni eru dregnar um samband verðbólgu og breytinga á peningamagni. (8%)
13. Útskýrið ítarlega hugtakið peningamargfaldari (e. money multiplier) og hvernig peningamyndun fer fram á vettvangi viðskiptabankanna. (8%)
14. Skýrið hugtakið greiðslujöfnuð (e. balance of payments). Rekið hvernig helstu liðir greiðslujafnaðar tengjast framboðs- og eftirspurnarhlið gjaldeyrismarkaðarins (e. foreign exchange market)? (6%)
15. Skýrið líkan heildarframboðs og heildareftirspurnar og eftirfarandi atriði í tengslum við það. (12%)
- a) Fjallið um heildareftirspurnarferilinn og forsendur sem liggja honum til grundvallar. Skýrið ítarlega þau sjónarmið sem liggja til grundvallar halla ferilsins.
 - b) Skýrið mismunandi halla framboðsferilsins í bráð og lengd (e. the short run and long run supply curves).
 - c) Lýsið nákvæmlega hvernig þjóðhagslegt jafnvægi myndast til skamms og langs tíma?
 - d) Sýnið á mynd áhrif þess að ríkið auki útgjöld til að örva þjóðarbúskapinn að hætti Keynes og skýrið með orðum.